

2327. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn föstudaginn 28. febrúar 2025 og hófst kl. 12:00. Fundurinn var haldinn á Teams.

Mættir stjórnarmenn:

Þorvaldur Örlygsson formaður
Helga Helgadóttir varaformaður
Ingi Sigurðsson varaformaður
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson
Heimir Fannar Gunnlaugsson
Pálmi Haraldsson
Sveinn Gíslason
Tinna Hrund Hlynsdóttir
Þorkell Máni Pétursson
Hildur Jóna Þorsteinsdóttir (varamaður)

Forföll:

Börkur Edvardsson

Mættir starfsmenn:

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri sem
ritaði fundargerð
Haukur Hinriksson lögfræðingur (undir lið nr. 2)

Þorvaldur Örlygsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar
 - a. Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2326).
2. Lög og reglugerðir
 - a. Haukur Hinriksson lögfræðingur fór yfir þingskjöl frá ársþinginu:

Nr	Þingskjal	Samþykkt að:
7	Tillaga til lagabreytinga – Viðurlagaheimild leyfisráðs og leyfis dóms.	<i>Senda til ÍSÍ til staðfestingar</i>
8	Tillaga til ályktunar – Varamenn og starfsfólk í efstu deildum	<i>Vísa til laga- og leikreglnanefndar og mótanefndar.</i>
9	Tillaga til ályktunar – Áminningar og leikbann	<i>Vísa til laga- og leikreglnanefndar til nánari útfærslu.</i>
10	Tillaga til ályktunar – Erlendir leikmenn	<i>Breyta reglugerð í samræmi við tillöguna</i>
11	Tillaga til ályktunar – Nýjar síðareglur KSÍ	<i>Breyta í reglugerð í samræmi við tillöguna.</i>
12	Tillaga til ályktunar – Dómstig KSÍ	<i>Vísa til laga- og leikreglnanefnd</i>
13	Tillaga til ályktunar – Nýtt íþróttafélag Víðis og Reynis	<i>Tillagan komi til framkvæmda á árinu 2026.</i>
14	Tillaga til ályktunar – Starfshópur. Hlé á miðju keppnistímabili	<i>Framkvæmdastjóri KSÍ leggi fram nöfn í starfshópinn og að skipun í hópinn verði frestað til næsta fundar .</i>

b. Haukur Hinriksson lögfræðingur fór yfir málefni sem voru kynnt undir liðnum „önnur mál“ á ársþinginu.

- Ályktun um áskorun til stjórnvalda er varðar ferðasjóð íþróttafélaga
 - i. *Samþykkt að framkvæmdastjóri KSÍ sendi áskorunina á ráðherra og þingflokksformenn flokka á Alþingi.*
- Kynning á vinnu starfshóps um breytingar á tímasetningu ársþings KSÍ.
 - i. Nokkrar umræður áttu sér stað innan stjórnar og voru aðilar sammála um að engar umræður hafi verið undir þessum lið sem kalla á breytingar á núverandi fyrirkomulagi.
 - ii. Rætt var um að ársþingið hitti yfirleitt á skólafrí í það minnsta á höfuðborgarsvæðinu sem þyrfti að skoða, einnig eru landsleikir A kvenna um þetta leyti.
 - iii. Ákveðið að aðhafast ekkert að svo stöddu enda þarf lagabreytingu til að færa ársþingið og mun þetta verða skoðað aftur fyrir ársþingið árið 2026.
- Flutningur afreksleikmanna
 - i. Í kjölfar ársþings sendi Haukur Hinriksson póst á öll félög í deildarkeppnum karla og kvenna sem tillagan nær til. Óskað var eftir afstöðu félaganna varðandi tillöguna og frestur gefinn til kl. 15:00 föstudaginn 28. febrúar. Eftir það verður farið yfir málið ásamt fulltrúum ÍTF.

3. Fjármál

- *Stjórn KSÍ samþykkti að senda inn FIFA Forward National Team Support umsókn fyrir árið 2025 sem að hljóðar uppá 1,1m USD. Þessi umsókn er send inn á þeim forsendum að aðstoða við að efla þróun og stuðning við yngri landslið og A landslið Íslands með ferða- og upphaldskostnaði.*
- *Samþykkt að gefa framkvæmdastjóra KSÍ heimild til að greiða út til aðildarfélaga greiðslur vegna leyfiskerfis KSÍ 2025 þ.e. 50% af heildargreiðslu til hvers félags sem þarf að undirgangast leyfiskerfið árið 2025 og 50% af heildargreiðslu til hvers félags við útgáfu keppnisleyfis.*

4. Önnur mál

- a. Fundardagskrá á nýju starfsári.
 - Þorvaldur Örlygsson lagði fram fasta fundardagsetningu og tíma fyrir komandi starfsár. *Samþykkt að funda á fimmtudögum kl. 16:00.*
- b. Skattamál
 - Sveinn Gíslason upplýsti um stöðu mála hjá vinnuhópnum sem var skipaður vegna þessara mála.
- c. Afrekssjóður ÍSÍ

- Þorkell Máni spurði um Afrekssjóð ÍSÍ. Nokkrar umræður urðu og ákveðið að taka aftur umræðu um þessi mál á næsta fundi sem og að skipa fulltrúa KSÍ á íþróttaping ÍSÍ sem fram fer 16.-17. maí nk.

Fundi slitið kl. 12:45.

Fundarritari: Eysteinn Pétur Lárusson

Næstu fundir verðar boðaðir 13. mars og 10. apríl

Undirritunarsíða

Þorvaldur Örlygsson

Ingi Sigurðsson

Helga Helgadóttir

Pálmi Haraldsson

Tinna Hrund Hlynsdóttir Hafberg

Þorkell Máni Pétursson

Halldór Breiðfjörð Jóhannsson

Sveinn Gíslason

Eysteinn Pétur Lárusson

Heimir Fannar Gunnlaugsson

Undirritunarsíða

Hildur Jóna Þorsteinsdóttir